

Ættleiðingar og þjónustupörf kjörfjölskyldna eftir ættleiðingu

Birna Blöndal

**Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraði
Leiðsögukenndari: Baldur Kristjánsson
Þroskaþjálfadeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011**

Ættleiðingar og þjónustubörf kjörfjölskyldna eftir ættleiðingu

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs við
Þroskaþjálfadeild , Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011 Birna Blöndal

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Prentsmiðjan Akureyri
Akureyri, Ísland –2011

Ágrip

Eftirfarandi ritgerð fjallar um kjörfjölskylduna og þjónustubörf hennar eftir ættleiðingu. Í því samhengi þarf að skoða þau málefni sem helst tengjast kjörfjölskyldunni og því að hvaða leiti þjónustubörf hennar er frábrugðin þörfinni hjá öðrum fjölskyldum. Sérstaða kjörfjölskyldunnar er mikil og úrræði sem hún þarfnast að sama skapi sértæk. Geðtengsl spila stóran þátt í aðlögun kjörbarna og mörg þeirra þurfa sérstaka aðstoð til þess að þau nái að mynda geðtengsl við nýja fjölskyldu og því ekki hægt að skoða þessi mál án þess að fara í gegnum geðtengslamyndun og hvað getur farið úrskeiðis. Málefni tveggja kjörfjölskyldna eru skoðuð, tekin viðtöl við þær og borin saman sú þjónusta þær fengu og framtíðarsýn þeirra og óskir hvað það varðar eftir ættleiðingu.

Í Danmörku var hrundið af stað tilraunaverkefni í tengslum við ráðgjöf og stuðning við kjörfjölskyldur eftir heimkomu. Skoðað verður hvernig staðið var að því og hvernig þótti til takast. Hér á Íslandi er nýbúið að vinna stóra og ítarlega skýrslu fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið þar sem farið er ofan í saumana á því hvernig staðið er að ættleiðingum á Íslandi. Hér verður aðeins tæpt á þessari skýrslu og þá hvaða þætti er mikilvægt að bæta og breyta. Höfundur tekur saman í lokin, eftir að hafa skoðað alla þessa þætti, hvaða breytingar á þjónustu hann telur að séu nauðsynlegar svo vel sé að þessum málum staðið og kjörfjölskyldan fái tækifæri til að njóta þess stuðnings og fræðslu sem hún hefur þörf fyrir.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Efnisyfirlit.....	4
1. Inngangur og markmið.....	5
2. Ættleiðingar á Íslandi.....	6
2.1. Tölulegar upplýsingar.....	6
2.2. Lög og reglugerðir.....	7
2.3. Börn með skilgreindar sérþarfir.....	8
2.4. Fræðslan.....	9
2.5. PAS (Post Adoption Service).....	9
3. Áhrifaþættir fortíðarinnar á barnið og aðlögun þess	10
4. Geðtengsl.....	11
4.1. Hvaða áhrif getur stofnanavist haft á myndun geðtengsla?.....	12
4.2. Myndun geðtengsla	14
4.3. Er hægt að laga rofin geðtengsl?.....	16
5. Rannsóknir á þjónustubörf kjörfjölskyldna eftir heimkomu.....	17
5.1. Félagslegur stuðningur við kjörfjölskyldur.....	18
6. Danska tilraunaverkefnið.....	18
6.1. Markmið ráðgjafarþjónustunnar fyrir foreldra og börn	20
6.2. Mat á verkefninu	21
7. Viðtöl við kjörfjölskyldur	22
8. Íslenska skýrslan.....	24
9. Niðurstöður.....	26
Heimildaskrá.....	27

1. Inngangur og markmið

Hver er þjónustubörf kjörfjölskyldna eftir ættleiðingu? Í þessu verkefni er ætlunin að reyna að svara þeirri spurningu. Skoða kjörfjölskylduna og þjónustubörf hennar eftir ættleiðingu, líta til ættleiðinga á Íslandi og skoða málefni kjörfjölskyldunnar, fara í gegnum þróun ættleiðinga á Íslandi, fjölda barna sem hingað hafa komið og skoða fræðslumál bæði fyrir og eftir ættleiðingu. Geðtengsl eru gríðarlega mikilvæg fyrir mannskepnuna og mun höfundur skoða myndun geðtengsla, gerð þeirra og hvernig geðtengslamyndun kjörbarna getur farið úr skorðum og hvernig sú geðtengslamyndun er öðruvísi en hjá öðrum börnum. Tekin eru viðtöl við tvær kjörfjölskyldur varðandi þjónustu eftir ættleiðingu með það að markmiði að leita svara við þeirri spurningu hverju kjörfjölskyldur telji að þurfi að breyta svo vel sé að fræðslumálum og stuðningi staðið. Aðeins verður litið til Danmerkur líka og skoðað þar tilraunverkefni sem var sett á laggirnar. Markmiðið með þessari ritgerð er fyrst og fremst að varpa ljósi á málefni kjörfjölskyldunnar. Þetta er viðkvæmur hópur í samfélaginu okkar og hann þarfnast sértækra úrræða hvað varðar stuðning og fræðslu. Nýlega var unnin skýrsla fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið þar sem ættleiðingarmál á Íslandi voru skoðuð ofan í kjölinn, í kjölfar þess er fróðlegt að skoða hvernig kjörfjölskyldan sér draumalíkanið að fræðslu og þjónustu eins og höfundur gerir í þessari ritgerð.

2. Ættleiðingar á Íslandi

Löggild ættleiðingarfélög ein mega hafa milligöngu um ættleiðingar. Dómsmálaráðherra gefur út löggildingu til ættleiðingarfélaga (Reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009).

Á Íslandi hefur félagið Íslensk ættleiðing milligöngu um ættleiðingar erlendis frá. Það er það eina sinnar tegundar sem hefur löggildingu frá dómsmálaráðuneyti til að fara með þessi mál. Félagið var stofnað í Reykjavík í janúar 1978 og var í fyrstu nefnt Ísland-Kórea. Árið 1981 var nafninu breytt í Íslensk ættleiðing. Annað félag var stofnað á Akureyri á þessum tíma, Ísland-Guatemala, en 1983 voru þessi félög sameinuð undir nafni Íslenskrar ættleiðingar (Íslensk ættleiðing, 2011).

Hlutverk og markmið félagsins er að hafa milligöngu um ættleiðingar í samstarfi við erlend stjórnvöl með það að leiðarljósi að hagsmunir barnanna sitji í fyrirrúmi, miðla upplýsingum, að halda uppi fræðslustarfi, að stuðla að velferð kjörfjölskyldna, að sjá um félagsstarf fyrir félagsmenn og vinna að velferðarmálum barna erlendis (Íslensk ættleiðing, 2011).

2.1. Tölulegar upplýsingar

Í dag hafa um það bil 600 börn verið ættleidd á vegum Íslenskrar ættleiðingar til landsins frá ýmsum löndum en í dag koma flest barnanna frá Kína. Félagið hefur þegar þetta er skrifað milligöngu um ættleiðingar frá Kólumbíu, Tógó, Kína, Indlandi, Tékklandi, Póllandi og Tælandi. Í tölvupósti (dags. 14. janúar 2011). frá Kristni Ingvarssyni, framkvæmdastjóra Íslenskrar ættleiðingar kemur fram að á síðustu árum hafa um 25-30 börn komið árlega til landsins.

Tafla 1. Heildarfjöldi ættleiddra barna erlendis frá á árunum 2004-2010

Heildarfjöldi	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Indland	7	1	2	0	0	4	1
Kína	20	33	6	18	13	8	13
Kólumbía	1	1	0	1	0	2	2
Tékkland	0	0	0	1	0	0	2
Samtals	28	35	8	20	13	14	18

Eins og sjá má þá hafa flest börnin komið frá Kína undanfarin ár. Árið 2006 hægði mjög á ættleiðingum hér á landi og er það sú þróun sem verið hefur á alþjóðavísu (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Árið 2006 gerði Íslensk ættleiðing samning við kínversk ættleiðingarsamtök um ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir og það skýrir að hluta til þá aukningu sem varð á ættleiðingum frá Kína árin þar á eftir (Íslensk ættleiðing, 2011).

2.2. Lög og reglugerðir

Íslensk ættleiðing vinnur eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna) Haag samningi um vernd barna, og tekur mið af siðareglum EurAdopt, en það eru samtök ættleiðingarfélaga í Evrópu. Íslensk ættleiðing (ÍÆ) er eitt af stofnfélögum samtakanna. Einnig er ÍÆ aðili að Nordic Adoption Council (NAC), sem eru regnhlífarsamtök ættleiðingarfélaga á Norðurlöndunum. Markmið NAC er að skapa góð og jákvæð skilyrði á Norðurlöndum til ættleiðingar á börnum frá erlendum ríkjum og stuðla að því að börnin fái að alast upp í heilbrigðu umhverfi (Íslensk ættleiðing, <http://www.isadopt.is/index.php?p=felagid>).

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði fyrir löggildingu ættleiðingarfélaga og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Ráðherra getur afturkallað löggildingu ef félag fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir henni (Lög um ættleiðingar, 1999).

Í löggildingarskjali frá Dómsmálaráðuneyti til Íslenskrar ættleiðingar segir meðal annars að félagið skuli sinna ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og veita félagsmönnum sínum þjónustu eftir að ættleiðing hefur verið veitt,

sbr.9.gr.c.Haagsamnings

(<http://isadopt.heimanet.com/index.php/aettleidingar/log-og-reglugerdir/>).

2.3. Börn með skilgreindar sérþarfir

Síðan 2006 hefur Íslensk ættleiðing verið með samning við Kína um milligöngu á ættleiðingum barna með sérþarfir. Hingað til lands hafa nú komið um það bil 30 börn með sérþarfir á vegum félagsins. Sérþarfirnar geta verið margskonar, eins og skarð í vör, lifrabólga, hjartagalli, blinda, heyrnarleysi og fleira, sjá á vef ÍÆ:

(http://www.isadopt.is/index.php?c=lokad_greinar&a=27).

Tafla 2. Heildarfjöldi ættleiddra barna með skilgreindar sérþarfir á árunum 2004-2010

Börn með sérþarfir	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Kína	0	0	0	5	8	8	9
Samtals	0	0	0	5	8	8	9

Kínversk stjórnvöld hafa með markvissum hætti aukið ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir. Rökin fyrir því eru sú að staða barna hafi batnað í Kína, börnum hafi fækkað sem séu tilbúin til ættleiðingar til annarra ríkja og ættleiðingum innanlands hafi að sama skapi fjölgað. Því má reikna með því að ættleiðingum barna með skilgreindar sérþarfi muni halda áfram að fjölga á næstu árum (Hrefna Friðriksdóttir, 2010)

Ljóst er að sum þessara barna þurfa á meiri læknisþjónustu að halda en þau sem ættleidd eru hingað til lands án skilgreindra sérþarfa, sem hefur í för með sér aukið álag bæði á foreldra og barn og leiðir til þess að aukin þörf verður á stuðningi og fræðslu fyrir þessa foreldra. Ábyrgðin liggur hjá Íslenskri ættleiðingu að sjá til þess að fræðsla sé til staðar fyrir væntanlega kjörforeldra og þá sem komnir eru heim með börnin sín (Haagsamningur um vernd barna, 9gr. C.).

Eins og fyrr segir má reikna með að hlutfall þeirra barna með skilgreindar sérþarfir, sem hingað eru ættleidd fari vaxandi. Það þarf því að marka skýra stefnu varðandi þau mál, hvort gera eigi frekari kröfur á væntanlega kjörforeldra, haga

undirbúningi með öðrum hætti og ekki síst þarf að tryggja frekari þjónustu við þessi börn eftir heimkomu (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

2.4. Fræðsla

Í dag er skipulög fræðsla á vegum Íslenskra ættleiðingar þessi:

Undirbúningsnámskeið fyrir umsækjendur. Það er lögbundin fræðsla sjá 20. gr. í reglugerð um ættleiðingar. Þegar sótt er um forsampykki fyrir ættleiðingu barns þurfa umsækjendur að sýna fram á að þeir hafi sótt slíkt námskeið.

Áður en farið er til upprunalandsins að sækja barn er haldinn ferðafundur þar sem farið er í gegnum helstu atriði sem tengjast ferðalaginu. Einnig er þá í boði fyrirlestur um umönnun ungbarna.

Skrifstofa Íslenskrar ættleiðingar hefur samband við fjölskylduna um það bil viku eftir að heim er komið, aftur eftir ca. mánuð og svo þegar kemur að fyrstu eftirfylgniskýrslunni sem er 6 mánuðum eftir heimkomu. Þessa skýrslu vinnur félagsráðgjafi og þaðan koma stundum ábendingar ef fjölskylda þarf á aðstoð að halda með barnið (Kristinn Ingvarsson, Íslensk ættleiðing, tölvupóstur, 12. Janúar 2011).

2.5. PAS (Post adoption service)

Samkvæmt 9. gr. c. Haag-samningsins skulu miðstjórnvöld, sem hér á landi er innanríkis og mannréttindaráðuneytið, sjá til þess að stuðlað sé að ráðgjafarþjónustu og stuðningi við kjörfjölskyldur eftir ættleiðingu. Hér á landi er starfandi PAS-nefnd hjá Íslenskri ættleiðingu. Hún samanstendur af sex kjörmæðrum sem hafa víðtæka reynslu af ættleiðingum, þremur þroskaþjálfum, kennara, leikskólakennara og iðjuþjálfra og er þessi nefnd jafnframt til stuðnings fyrir kjörforeldra, það er, hægt er að hafa samband við hana hvenær sem er til að fá ráðgjöf eða stuðning. Styttingin PAS stendur fyrir enska heitið „Post-Adoption-Service“ sem þýðir þjónusta eftir ættleiðingu. PAS er mjög vítt hugtak. Í skilgreiningu NAC (Samtaka norrænu ættleiðingarfélaganna) frá árinu 2001 segir í

stuttu máli að PAS sé fjölþætt aðstoð, jafnt fagleg sem og félagsleg, til handa þeim sem hafa þörf fyrir stuðning sem tengist ættleiðingunni. Markmiðið er að aðstoða fjölskyldur við að aðlagast á sem bestan hátt að lokinni ættleiðingu. PAS nær jafnt til kjörbarna, kjörforeldra sem og stórfjölskyldunnar. Aðstoð þessi getur verið veitt á margbreytilegan hátt, í formi fræðslu, foreldrastarfs auk annarra þátta, t.d. þjónusta ýmissa faghópa svo sem félagsráðgjafa og talmeinafræðinga, sem á einn eða annan hátt geta stutt við bakið á meðlimum kjörfjölskyldunnar. Störf nefndarinnar hér á landi eru margvísleg en helsta hlutverk hennar hefur verið að sjá foreldrum fyrir fræðslu með fyrirlestrum, spjallkvöldum og útgáfu fræðsluefnis, eins og fram kemur í kynningarbæklingi PAS-nefndar.

3. Áhrifaþættir fortíðarinnar á barnið og aðlögun þess

Börnin bregðast oft harkalega við þeim miklu breytingum sem verða á lífi þeirra við ættleiðingu og mjög brýnt að gera foreldrana öruggari í foreldrahlutverki sínu og hjálpa þeim að vera betur í stakk búnir til að takast á við þær miklu breytingar og áskoranir sem fylgja þessu nýja hlutverki. Tíminn fyrst eftir heimkomu er oft ruglingslegur þar sem miklar umbreytingar hafa orðið fyrir alla aðila innan fjölskyldunnar. Foreldrarnir upplifa sig oft einangraða og að skortur sé á hjálp, stuðningi og skilningi frá umhverfinu, sem þeir þurfa svo mikið á að halda, þar sem hið „venjulega“ stoðnet heilsugæslu nær ekki yfir þá sértæku aðstoð sem kjörfjölskyldan þarfnast. Geta þessar aðstæður verið mjög flóknar og erfiðar og dregið úr trú foreldranna á sjálft sig í foreldrahlutverkinu og í versta falli leitt til þunglyndis, sem síðan bitnar á tengslamyndun við barnið. (Familiestyrelsen, 2010)

Ættleiðing getur aldrei átt sér stað öðruvísi en að undangengnum missi, við ættleiðingu hafa börnin misst tengslin við blóðforeldra sína, aðra umönnunaraðila og allt það sem þeim er kunnuglegt og þeim missi fylgir óhjákvæmilega sorg. Mikilvægt er fyrir alla aðila að vinna úr þessari sorg því annars gerir hún vart fyrir sig síðar á lífsleiðinni og getur þá birst sem kvíði, örvænting, þunglyndi, reiði, hegðunarerfiðleikar og jafnvel misnotkun vímuefna. Vinni foreldrar ekki úr sinni

sorg getur það komið fram í tengslaerfiðleikum við barnið, uppeldisaðferðum og viðhorfum. Reikna má með því að börnin sé viðkvæmari fyrir höfnun, þau virðast stundum forðast mikla nálægð, sem bendir til að þau séu að reyna að verja sig fyrir öðrum missi. Ljóst er að ættleiddum börnum er hættara við ýmiskonar tilfinningalegum og hegðunarlegum vanda en öðrum börnum. Ástæðurnar má rekja til þeirrar sáru reynslu sem þau bera í farteskinu. Því er mikilvægt að gera sér grein fyrir þessum áhættuþáttum og vinna úr þeim af alúð og þekkingu (Valgerður Baldursdóttir, 2001).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að aukna áhættu á sálfræðilegum kvillum og hærri sjálfsmorðstíðni á fullorðinsárum hjá ættleiddum einstaklingum (Hjern, Lindblad, Vinnerljung, 2002).

Ættleidd börn eiga reynsluheim sem önnur börn eiga ekki, fortíð sem önnur börn eiga ekki. Kjörforeldrar hafa líka sérstöðu, fæddu ekki börnin sín og munu þurfa að fræða þau um uppruna og fortíð. Flest barnanna eru af öðrum kynþætti en kjörforeldrarnir og því ólík þeim í útliti. Yfirleitt dökk á brún og brá. Í grein sem Jórunn Elíadóttir dósent við Háskólann á Akureyri ritaði vísar hún í rannsókn Thomas og Tessler (2007) þar sem kemur fram að viðhorf kjörforeldranna til upprunalandsins og fólks af sama uppruna hafi mikil áhrif á börnin og viðhorf þeirra til ættleiðingarinnar. Hún vísar líka í Dorow (2007) sem leggur áherslu á að foreldrar séu mjög opnir gagnvart því sem tengist þessum tveimur menningarheimum en þurfi að sýna aðgát þegar talað er um bakgrunn barnanna og óþekhta lífforeldra þeirra (Jórunn Elíadóttir, 2010).

4. Geðtengsl

Hvers vegna eru geðtengsl svona mikilvæg? Börn fæðast ekki með tilbúin tengsl heldur eru þau eitthvað sem þróast við samskipti og samneyti barna og umönnunaraðila. Örugg geðtengsl hjálpa barninu að öðlast trú á sjálft sig, lífið og tilveruna. Þessi tengsl eru grunnurinn að öryggi barnsins og umönnunaraðilarnir verða öryggisþáttur sem hjálpar þeim að skoða heiminn og þroskast. Barnið sækir

huggun og öryggi til þess einstaklings sem það hefur myndað geðtengsl við. Margt getur orðið til þess að trufla þessa eðlilegu myndun geðtengsla. Eitt af því er þegar barn er skilið frá foreldrum sínum og vistað á stofnun eða sett í fóstur. Barn sem hefur verið ættleidd hefur því að öllum líkindum orðið fyrir tengslarofum við þann aðila sem hefur hugsað um það, hafi það myndað tengsl við hann, eða hefur ekki myndað tengsl við neinn (Gray, 2002)

Sum börn sem alin eru upp á stofnun hafa svo takmarkað samneyti við umönnunaraðila sína að þeir ná ekki að mynda nein tengsl. Vikið verður að því síðar í umfjöllun um geðtengsl og hvaða áhrif stofnanavistun hefur á myndun þeirra.

Geðtengsl eru skilgreind sem djúp tilfinningatengsl á milli tveggja einstaklinga. Þó að börn geti tjáð sig með ýmsum skilaboðum strax frá upphafi þá breytist tilvera þeirra tilfinnanlega mikið þegar þau tengjast umönnunaraðila sínum. Þau sem eiga örugg tengsl við aðra manneskju sækja í hana öryggi, traust og huggun. Foreldrar hafa forskot á barnið þegar kemur að myndun tengsla. Þeir eru oft búnir að mynda einhvers konar tengingu við barnið áður en það er fætt. En þó er það þannig að raunveruleg tilfinningaleg geðtengsl myndast hægt við samspil og samskipti umönnunaraðila og barns (David R. Shaffer, 2002).

Geðtengsl eru þungamiðja í samskiptum foreldris og barns, þau eru eðlileg, öll börn mynda þau og þau eru lífsnauðsynleg hverju barni. Í þeim felst bæði tilfinningalegt samband sem veitir öryggi og atferliskerfi sem miðast að því að halda foreldri og barni í hæfilegri nálægð hvoru við annað, svo foreldrið geti veitt barninu þá vernd og öryggi sem það þarfnast og stuðlað að þroska þess, gæði þeirra er hægt að meta og eru þau grunnurinn að öllum tilfinningalegum samböndum barnsins síðar meir (J.Bowlby, 1973).

4.1. Hvaða áhrif getur stofnanavist haft á myndun geðtengsla?

Börn sem alast upp á stofnun hafa oft á tíðum lítil samskipti við fullorðið fólk. Þeim er sinnt eftir skipulagi en ekki eftir þörfum. Þessi börn haga sér eðlilega fyrstu þrjá

til sex mánuðina. Þau gráta til að fá athygli, brosa og babbla í átt að umönnunaraðilum og eru líkamlega með rétta tilburði þegar þau eru tekin upp. En á síðari hluta fyrsta ársins breytist hegðun barnanna. Þau hætta að gráta til að fá athygli, babbla minna, virka niðurdregin og hafa lítinn áhuga á félagslegum samskiptum við umönnunaraðila. William Goldfarb (1973, 1947) rannsakaði börn sem höfðu verið vistuð á undirmannaðri stofnun á fyrsta ári og börn sem höfðu verið alin upp á sömu stofnun fyrstu þrjú árin áður en þau voru fóstruð á heimili. Hann skoðaði þau fyrst þriggja og hálf árs, síðan sex og hálf árs, átta og hálf árs og tólf ára gömul. Rannsóknarniðurstöður sýndu fram á það að börnin sem höfðu verið vistuð í þrjú ár á stofnun voru á eftir í þroska á öllum sviðum, þau komu verr út á greindarprófi, voru félagslega á eftir, voru mjög háð fullorðnum, höfðu lélegan málþroska og áttu við meira af hegðunvandamálum að stríða, svo sem ofvirkni og árásargirni, þegar þau komust á unglingsárin voru þau oft einfarar sem áttu erfitt með að tengjast vinum og fjölskyldu (David R. Shaffer, 2002).

Áhrif aðskilnaðar barns við sína nánustu á upphaflegum heimaslóðum er mikill og hefur áhrif á allt líf barnsins. Þó að það geri sér ekki grein fyrir því sem er að gerast og geti ekki áttað sig á áhrifum þessa. Allur aðskilnaður sem á sér stað í lífi barnsins verður erfiðari fyrir vikið og það er grynna á sárari tilfinningar (Valgerður Baldursdóttir, 2001).

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á geðtengslamyndun ættleiddra barna, áður fyrr var talið að þau gætu ekki myndað tengsl eftir ættleiðingu vegna tengslarofa í frumbersku. En síðari rannsóknir leiða í ljós að svo er ekki. Börnin mynda geðtengsl en tegund þessara tengsla eru mismunandi. Auknar líkur eru á að þessi börn myndi óörugg geðtengsl (Gunnar, Bruce og Grotevant, 2000). Í rannsókn sem gerð var af Chisholm árið 1998, á hópi barna sem ættleidd voru frá Rúmeníu, og vitnað er í af fyrrgreindum höfundum, kom í ljós að 63% barnanna voru greind með óörugg geðtengsl mörgum árum eftir ættleiðingu og mörg barnanna voru með óeðlilega myndun geðtengsla. Mörg barnanna sýndu ógagnrýnda vinsemd, þá sýna börn ókunnugu fólki óviðeigandi og óhóflega ástúð í samskiptum, og er þessi hegðun þeirra rakin til vöntunar á öruggum tengslum (Gunnar ofl. 2000).

4.2. Myndun geðtengsla

Höfundur geðtengslakenningarinnar var breskur sálgreinir John Bowlby og hann setti hana fram um miðbik 20. aldar. Samkvæmt Bowlby þá hefst myndun geðtengsla þannig að barnið kallar eftir athygli og umönnun og móðir bregst við merkjum frá barninu og sinnir því. Þannig verður til hringrás sem styrkir traust barns á umönnunaraðila/móðir. Þó að margir foreldrar finnist þeir tengdir barninu sínu strax þá tekur það tíma fyrir barnið að ná þeim þroskaáfanga að geta myndað tengsl við aðra manneskju (Berk, 1998).

Myndun geðtengsla er skipt niður í fjögur stig:

Frá fæðingu til 2 mánaða aldurs: Ósjálfráð hegðun ungbarnsins þar sem hegðun þess snýr að því að fá þörfum sínum fullnægt frá manneskjum. Þetta tímabil getur náð upp í allt að 12 vikna aldri og getur varað mun lengur ef barnið býr ekki við góðar aðstæður. Allir eru jafn líklegir til að fá tjáskipti frá barninu, systkini, foreldrar, ókunnugir.

Frá 2 mánaða til 7 mánaða: Tengslahegðun verður skilvirkari og beinist meira að einni manneskju, venjulega aðal umönnunaraðila barnsins. Barnið lærir smátt og smátt að greina á milli kunnuglegra og ókunnugra andlita.

Frá 7 – 24 mánaða: Afmörkuð geðtengsl byrja að þróast. Með auknum hreyfiþroska þá fer barnið að sækja í að vera í nálægð við umönnunaraðila sinn. Aukin varkárni í samskiptum við ókunnuga og smá saman fer að bera á ótta gagnvart þeim. Þetta skeið byrjar yfirleitt í kringum hálf árs aldurinn en þau börn sem hafa ekki megin samskipti sín við einn umönnunaraðila eru lengur að komast á þetta skeið tengslamyndunar, getur dregist fram yfir eins árs afmælisdaginn og jafnvel fram á annað og þriðja ár.

Frá 24 mánaða aldri: Barnið verður meðvitað um tilfinningar annarra, markmið þeirra og áætlanir og það hefur áhrif á hegðun þess. Erfitt er að segja til um með rökstuddum hætti hvar á þessu skeiði barn telst vera búíð að mynda geðtengsl. En á fyrsta stigi er það allavega ekki búíð að því en á þriðja skeiðinu má segja að barnið sé búíð að mynda geðtengsl (John Bowlby, 1971).

Geðtengsl hafa verið flokkuð niður í fjórar gerðir:

Örugg geðtengsl:

Flest börn falla undir þessa tegund af geðtengslum. Þegar barn er öruggt í sínum geðtengslum kannar það umhverfi sitt þegar það er í návist móður sinnar, notar hana sem öryggishöfn, og kemst augljóslega í uppnám við aðskilnað. Barnið tekur hlýlega á móti móður sinni þegar hún snýr aftur og ef það er óöruggt leitar það í líkamlega snertingu við hana og það hjálpar barninu að slaka á og öðlast öryggi aftur. Barnið er öruggt í nálægð við ókunnuga þegar móðir er til staðar.

Mótþróafull óörugg geðtengsl:

Um það bil 10% barna falla undir þessa tegund geðtengsla. Barnið reynir að vera í nálægð við móður sína en kannar umhverfi sitt lítið þó að hún sé til staðar. Það sýnir mikil merki um vanlíðan ef hún fer en þegar hún kemur til baka er barnið á báðum áttum með hvernig það á að taka á móti henni: það vill vera í nálægð við móðurina þó að það virðist vera reitt við hana fyrir að skilja við það og eru líklegt til að forðast líkamlega snertingu við hana. Börn sem hafa þróað með sér mótþróafull geðtengsl eru mjög varkár í nálægð við ókunnuga þó að móðir sé nálæg.

Flóttaleg geðtengsl:

Þessi börn, um það bil 20% barna sýna þessa tegund af geðtengslum. Þau sýna lítil merki um vanlíðan við aðskilnað við móður og eru líkleg til að halda áfram að snúa sér frá henni og hundsá nærveru hennar þegar hún snýr aftur. Börn með þessa tegund geðtengsla eru oft mjög opinská í samskiptum við ókunnuga en geta þó átt til að forðast eða hundsá þá á sama hátt og móður eftir aðskilnað.

Ruglingsleg geðtengsl:

Þetta er flókin samsetning af flóttalegum geðtengslum og mótþróafullum geðtengslum. Þessi geðtengsl greinast hjá um það bil 5-10 % barna. Barnið virðist vera í vandræðum með hvernig það á að koma fram við móður eftir aðskilnað hvort það eigi að nálgast hana eða forðast, getur virkað ruglað og „frýs“ þegar móðir snýr aftur eftir að hafa farið í burtu, sækir jafnvel fast í nærveru hennar en

ýtir henni síðan harkalega frá sér aftur (Shaffer, 2002).

Mary Ainsworth var samstarfskona Bowlby til margra ára og þróaði áfram tengslakenningu hans um geðtengsl. Samkvæmt hennar kenningum þá eru örugg geðtengsl fyrsta ársins mikilvægur grunnur að almennri andlegri heilsu síðar á lífsskeiðinu. Þessum tengslum hefur verið lýst sem áhrifavaldi á öll önnur tengsl á ævinni, svo sem vini, skólafélaga, kennara og maka (Santrock, 2008).

4.3. Er hægt að laga rofin geðtengsl ?

Börn sem hafa verið alin upp á stofnun eru í gríðarlegum áhættuhóp hvað það varðar að þróa með sér félagslega og hegðunarlega erfiðleika, þar með talið erfiðleika við að mynda traust og örugg geðtengsl. Tengslaröskun getur þróast þegar barn verður fyrir tengslarofum við umönnunaraðila sinn. Stór áhættuhópur eru því þau börn sem vistuð eru á stofnunum (Levy og Orleans, 1998).

Zeanah og félagar gerðu rannsókn á börnum í Rúmeníu þar sem þeir báru saman börn á aldrinum 11-39 mánaða, annar hópurinn var alinn upp á stofnun, hinn ekki. Niðurstöðurnar rannsóknarinnar sýndu fram á að börnin sem voru alin upp á stofnun glímdu við alvarlega truflun á myndun geðtengsla (Zeanah, Smyke, A. T., Koga ?, Sebastian F., 2005).

Líkur á því hvort hægt er að bæta rofin geðtengsl fara að stærstum hluta eftir því hversu alvarleg tengslaröskunin er, Dave Ziegler Ph.D. segir í bók sinni, Raising Children Who Refuse To Be Raised að geðtengslaröskun sé eitthvað sem vinna þurfi með allt frá mánuðum til árum saman. Ekki sé einfalt að meta það hvernig útkoma meðferðar verði, það sé svo margt sem liggja að baki og hafi áhrif. En yfirleitt megi alltaf sjá framför og batamerki hjá öllum börnum. Sum læri alveg að mynda heilbrigð geðtengsl á meðan önnur eigi í einhverjum erfiðleikum alla ævi (Ziegler, 2000).

Mjög skiptar skoðanir eru um þær meðferðarleiðir sem eru í boði fyrir börn sem eiga við tengslaerfiðleika að etja og lítið vitað í rauninni um hvaða árif slíkar meðferðir hafa til langs tíma. Þrátt fyrir að nú sé vitað að börn sem eru alin upp á

stofnun og í fósturkerfinu fyrir ættleiðingu þurfi á viðtækri aðstoð að halda þá hefur sú vitneskja ekki þróað af sér viðurkenna meðferðarleið til að hjálpa öllum börnum sem þess þurfa. Ýmsar meðferðir hafa verið reyndar og eru í notkun meðal sérfræðinga og foreldra en eins og áður segir, þá er lítið vitað um útkomu þessara leiða (O'Connor og Zeanah, 2003).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að félagslega og þroskalega ná börn jafnöldum sínum tiltölulega hratt eftir að þau ættleidd á heimili þar sem þau fá örvun, stuðning, gott atlæti og athygli umönnunaraðila sinna. Hinsvegar ef þau sýna merki um tengslaröskun þá þurfa þau viðtækari hjálp og ekki hægt að segja til með vissu hvort þau muni komast yfir hana eða ekki (Shaffer, 2002).

5. Rannsóknir á þjónustubörf kjörfjölskyldna

Ekki er til mikið af rannsóknum á þjónustubörf kjörfjölskyldna hér á landi. Árið 2009 rannsakaði Jórunn Elísdóttir dósent við Háskólann á Akureyri meðal annars börf kjörfjölskyldna á þjónustu. Þar kom í ljós að þjónustubörf kjörfjölskyldna er umtalsverð en það eru ekki margar fjölskyldur sem sækja sér aðstoð. Skortur á þekkingu fagfólks á málefnum ættleiddra barna spilar þar stóran þátt í því að fólk leitar sér ekki aðstoðar. Hefur það komið fram í erlendum rannsóknum að fólk veigrar sér við að leita sér aðstoðar vegna þekkingarleysis fagfólks (Molinari og Freeborn, 2006).

Rannsókn Jórunnar var gerð á tímabilinu maí til ágúst 2009, hún náði til 122 barna, allra barna sem höfðu verið ættleidd frá Kína til Íslands á þeim tíma. Spurningar voru sendar út á netinu. Svör bárust fyrir 89 börn, en sumar fjölskyldur áttu 2 börn og svöruðu þá bara fyrir eldra barnið. Þátttaka var góð, eða um 82,4%. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá yfirgripsmikla yfirsýn yfir málefni er varða ættleidd börn frá Kína og foreldra þeirra. Þegar litið er á tölfræðina má sjá hversu lítið hlutfall foreldra sem höfðu áhyggjur af einhverju sem tengdist þroska barna þeirra, leituðu sér aðstoðar (Jórunn Elísdóttir, 2010).

Áhyggjur varðandi sálræna þætti hjá barninu eins og óöryggi, þunglyndi og kvíða, þá svöruðu 42% því játandi að hafa haft áhyggjur af því en eingöngu 7% höfðu leitað aðstoðar fagaðila. Áhyggjur af áfallaröskun, þá sögðust 33% já en eingöngu 1% sótti sér aðstoð. Áhyggjur af áhrifum ættleiðingarinnar almennt á barnið þar höfðu 64% haft áhyggjur en enginn leitað sér aðstoðar. Þegar spurt var um þörfina fyrir aðstoð og ráðgjöf voru svörin þannig að 12% sögðust ekki hafa haft þörf, 18% höfðu litla þörf á ráðgjöf, 23% frekar litla en 47% höfðu frekar mikla og mikla þörf fyrir stuðning og ráðgjöf fyrstu mánuðina eftir heimkomu. Varðandi aðgang að fagaðilum til að fá ráðgjöf voru það 50% sem ekki höfðu reynt, 30% fannst erfitt og mjög erfitt að nálgast ráðgjöf og 20% fannst það auðvelt og mjög auðvelt (Jórunn Elíadóttir 2010).

Þegar þetta er skoðað er greinilegt að þörfin fyrir þjónustu er til staðar.

5.1. Félagslegur stuðningur við kjörfjölskyldur

Ekki má gera lítið úr því hversu mikil gildi félagslegur stuðningur hefur fyrir kjörfjölskyldur. Margar fjölskyldur takast á við fjöldann allan af áskorunum geta tengst ófullnægjandi stuðningi. Sérstaklega ef um er að ræða kjörfjölskyldu sem ættleitt hefur barn með skilgreindar sérþarfir. Þetta geta verið þættir eins að finnast vera einangraður, hjónabandserfiðleikar, erfiðleikar í samskiptum við nánustu fjölskyldu og upplifun á því að kennarar og aðrir fagaðilar sýni ekki nægan stuðning. Félagslegur stuðningur getur verið bæði í formlegum og óformlegum félagsskap eins og t.d. við aðrar kjörfjölskyldur, stuðningsfjölskyldur, hjónabands og foreldraráðgjöf. Nýting á stuðningshópum skilar sér líka í ánægðari fjölskyldum. Það er mikilvægt fyrir fólk að geta borið saman bækur sínar við aðra í sömu sporum og þá sem hafa gengið í gegnum svipaða reynslu (Smith, 2010).

6. Danska tilraunaverkefnið

Árið 2006 var fé veitt í tilraunaverkefni á vegum fjölskyldudeildar danska ríkisins. Þar var kjörfjölskyldum veitt tækifæri á að fá sálfræðiráðgjöf fyrstu þrjú árin eftir heimkomu, sér að kostnaðarlausu og var ráðgjöfin á landsvísu, þ.e.a.s. óháð því hvar í Danmörku kjörfjölskyldan bjó. Settir voru upp faghópar sem sáu um

fræðsluna. Tilraunaverkefninu var hrundið af stað 2007 og var það til fjögurra ára og lauk 2010. Í verkefninu var því þeim kjörfjölskyldum boðið að taka þátt sem höfðu ættleidd börn erlendis frá á tímabilinu 2004-2010. Ástæðan fyrir því að þetta verkefni var sett á laggirnar er þau vandamál og sú óvissa sem getur verið hjá kjörfjölskyldum og kjörbarninu fyrst eftir heimkomu og í sumum tilfellum geta þessi vandamál verið til staðar alla ævi hjá kjörbörnum. Ráðgjöfinni var ætlað að fylla í það gat sem er í þessu venjulega stoðkerfi nýbakaðra fjölskyldna, og stuðla að skilningi á því að það er ekki einfalt að vera kjörforeldri og það er allt í lagi að sækja sér ráðgjöf og stuðning (Famlistyrelsen, 2010). Ráðgjöfin var þannig að hver fjölskylda fékk 5 samtöl á tímabilinu við ráðgjafa á vegum Post Adoption Service nefndar fjölskyldudeildar. Á tímabilinu ágúst 2007 – ágúst 2010 voru samtals 1117 ráðgjafatímar, en foreldrum 3200 barna stóð þjónustan til boða. Ráðgjöfin fór fram í formi samtalsmeðferðar við kjörforeldra og börn. Um það bil 35% fjölskyldna sem áttu þess kost að sækja ráðgjöf nýttu sér hana. Engum var skylt að notfæra sér þessa þjónustu en stundum voru það hjúkrunarfræðingar eða félagsráðgjafar sem bentu kjörfjölskyldum á að leita sér aðstoðar. Allir voru upplýstir um þjónustuna frá ættleiðingarsamtökum.

Ráðgjafarnir voru flestir sálfræðingar, með barna- og fjölskylduráðgjöf sem sérsvið. Þeir höfðu einnig margir langa sögu af vinnu með kjörfjölskyldum og unnið innan ættleiðingargeirans lengi, einnig voru sumir ráðgjafanna nýliðar sem gaf starfinu meiri breidd og enn aðrir tengdust ættleiðingarheiminum beint, áttu sjálfir ættleidd börn eða voru ættleiddir.

Ástæður þess að fólk leitaði aðstoðar voru ýmsar. Má þá helst nefna, erfiðleikar foreldra við að lesa í hegðun barnsins en um það bil 30% foreldra upplifðu það, svefnerfiðleika, streitukennda hegðun barns, stofnavist barns, hegðunarerfiðleika, viðbrögð foreldra í garð barn, málefni tengd mat og að lokum óöryggi foreldra í foreldrahlutverkinu.

6.1. Markmið ráðgjafajónustunnar fyrir foreldra og börn

Markmiðið ráðgjafarinnar var að stuðla að betra lífi fyrir börnin og foreldrana og þar með vinna á móti öllum þeim neikvæðu þáttum sem tengst geta fortíð barnanna og ættleiðingunni.

Að hjálpa barninu að líta á ættleiðinguna sem staðreynd í lífinu og líta ekki á sig sem fórnarlamb. Að barnið byggir upp jákvæða sjálfsmynd sem byggir bæði á fortíð og nútíð, dafni og þroskist í heilsteypan og vel starfhæfan einstakling, að auka félagslega færni og stuðla að því að barnið verði hæfara til að takast á við þau málefni sem geta komið upp og tengjast ættleiðingunni. Að barnið læri að þróa með sér ný bjargráð og sleppi takinu á þeim gömlu. Áður en þessum markmiðum er náð er þó ýmislegt sem þarf að vera vinna í og skapa barninu þannig grundvöll til að þessum markmiðum verði náð. Það þarf að hjálpa því til að byrja með að ná tókum á svefni og matarvenjum. Aðstoða það við að skynja og tjá eigin líðan sem gerir það að verkum að betra er fyrir foreldrana að aðstoða barnið og fullnægja þörfum þess.

Hvað foreldrana varðar þá er megin markmið eins og áður hefur komið fram að styrkja þá í foreldrahlutverki sínu og byggja upp sjálfstraust. Að þeir verði betur í stakk búnir til að setja sig í spor barnsins, skilja fortíð þess betur og þýðingu hennar. Að þeir lesi betur í skilaboð barnsins og minnka þannig streitukennd viðbrögð foreldra. PAS ráðgjöfin gengur mikið út á að setja fókusinn á lífssögu barnsins og rýna í fortíðina það er góð leið til að hjálpa foreldrum að finna til samkenndar með barninu og skilja betur hvaðan hegðun þess kemur.

Frá fjölskyldum sem tóku þátt í verkefninu:


„Það var til dæmis mjög erfitt fyrir mig að segja við foreldra mína „ Ekki lyfta henni, ekki knúsa hana eða neitt slíkt. Það erum við foreldrarnir sem gerum það.“ Samt er mjög mikilvægt að segja þeim þetta og setja mörk. Þetta mikilvæga verkfæri fékk ég hjá ráðgjafanum“ (Faðir sem tók þátt í verkefninu, ágúst 2010).

„Það er alltaf spurning hversu mikill hluti af hegðun barnsins sé hægt að rekja til ættleiðingarinnar og hversu stór hluti er bara vegna þess að hann er athafnasamur

drengur. Þetta er vandamál sem maður stendur alltaf frammi fyrir. Þarna höfum við haft mikil not af ráðgjafabjónustunni (faðir sem tók þátt í verkefninu, ágúst 2010)., Ég er ekki öðruvísi foreldri, en ég er betur upplýst foreldri“ (móðir sem tók þátt í verkefninu, ágúst 2010).

6.2. Mat á verkefninu

Spurningalisti var sendur til allra þeirra foreldra sem nýttu sér að minnsta kosti 3 af þeim 5 samtölum við ráðgjafa sem í boði voru. 580 foreldrar fengu listann og af þeim svöruðu 470 eða 81%. Settir voru upp 26 þættir sem gætu valdið erfiðleikum innan fjölskyldunnar og foreldrar síðan spurðir hvort breytingar hefðu orðið á þessum þáttum í kjölfar ráðgjafar. Hver fjölskylda og barn eru ólík og því ljóst að allir þessir 26 þættir eiga ekki við alla.



Tafla 3. Yfirlit yfir mat fjölskyldna á breytingum eftir ráðgjöf.

Eins og sjá má á þessari töflu þá er alveg ljóst að kjörforeldrar töldu sig og fjölskyldu sína hafa haft hag af þessari þjónustu sem þeim var boðið upp á. Eingöngu 3% töldu sig ekki sjá neina merkjanlega breytingu til hins betra.

Í kjölfar þessarar skýrslu er fróðlegt að skoða hvernig íslenskar kjörfjölskyldur líta þessi mál hér á landi og hvað þeim finnst að betur mætti fara hvað það varðar.

7. Viðtöl við kjörfjölskyldur

Tekin voru viðtöl við tvær kjörfjölskyldur við þessa vinnu við lokaverkefnið. Fjölskylda 1 á barn sem ættleitt var árið 2007 frá Kína, það barn er með skilgreindar sérparfir og var rétt um 20 mánaða aldur við ættleiðingu.

Fjölskylda 2 á tvö börn ættleidd frá Kína, annað þeirra kom heim 2004, þá 10. mánaða og hitt barnið kom heim 2008, þá 18 mánaða, yngra barnið er með skilgreindar sérparfir.

Báðar þessar fjölskyldur voru sammála um þá miklu þjónustupörf sem er til staðar hjá kjörfjölskyldum. Aðspurðar hvaða þjónusta stóð til boða eftir heimkomu kom í ljóst að eingöngu var um að ræða sérhæfða læknisskoðun sem öllum ættleiddum börnum er skylt að fara í gegnum. Þessi læknisskoðun inniheldur:

- Skoðun: Almennt ástand, lengd, þyngd, höfuðummál, næringarástand, mat á andlegum og líkamlegum þroska, sýkingar, sár, vanskapnaðir, miltis-, lifrarstækkun, eitlastækkunir.
- Blóðstatus,
- Lifrarstatus (bilirúbin, ASAT, SGGT, ALK. FOSFATASI, LD).
- Lues serólógía.
- Lifrabólguáskimun (lifrabólga A, B, C).
- HIV-mótefni.
- PKU - TSH (ungbörn).
- Mantoux-próf.
- Rtgmynd af lungum.
- Þvag, alm + smásjárskoðun, ræktun.
- Hægðaræktun x 3 (sýklafræðideild Lsp, amk. 3 dagar á milli sýna).
- Hægðasmásjárskoðun
- Athugun á ónæmisaðgerðum og ráðleggingar í því sambandi.
- Ráðleggingar varðandi næringu.

http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/htmlpages/index2.html#erl_born_1.html

Eftir þessa læknisskoðun er kjörfjölskyldum vísað í venjubundið eftirlit ungbarna á heilsugæslustöðvum í hefðbundnar bólusetningar.

Fjölskyldurnar voru spurðar hvaða þjónustu þær hefðu þurft, að þeirra mati, eftir heimkomu. Þær voru báðar sammála því að fyrir utan ofangreinda þjónustu, hefðu þær þurft: þjónustu fagaðila með sérþekkingu á sviði málefna kjörfjölskyldna, sálfræðings, geðlæknis, talmeinafræðings, þroskaþjálfara eða annara.

Aðspurðar hvort þeim þætti þjónustupörf kjörfjölskyldna fullnægt í dag var eindregið svar þeirra að svo væri ekki. Við ræddum um hvernig þessar fjölskyldur vildu helst sjá þjónustulíkan fyrir kjörfjölskyldur, hér má sjá helstu þætti sem komu fram:

- Meiri og markvissari fræðslu áður en barnið er sótt, varðandi umönnun kjörbarna
- Áfram læknisskoðun strax eftir heimkomu
- Sínaviðtal - heimsókn sérhæfðs fagaðila 1 mánuði eftir heimkomu (eða fyrir ef þörf er á) og svo eftirfylgni um það bil tvisvar í viðbót eða oftár eftir þörfum
- Áhorf og mat sjúkrapjálfa og iðjuþjálfara 3 mánuðum eftir heimkomu
- Mat talmeinafræðings um það bil 6 mánuðum eftir heimkomu
- Viðtal við fagaðila varðandi undirbúning fyrir leikskóla
- Markvissari þjónustu frá ungbarnavernd
- Eftirfylgni frá einhverjum fagaðila með þekkingu á málefnum kjörfjölskyldunnar
- Beinan stuðning frá ungbarnavernd til foreldra hvað varðar ættleiðingarþunglyndi
- Sálfræðirágjöf

Það er greinilegt að samkvæmt þessu er ýmislegt sem mætti gera betur hvað varðar þjónustu við kjörfjölskyldur. Einnig kom í ljós í þessum viðtölum að þessar fjölskyldur telja að almennt vanti sárlega sérþekkingu á málefnum kjörbarna og

kjörfjölskyldum hjá fagfólki, læknum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfum, iðjuþjálfum, þroskaþjálfum, kennurum, leikskólakennurum, sálfræðingum og fleiri fagaðilum sem leita mætti til vegna barnanna. Skilningur stjórnvalda á sérstöðu kjörfjölskyldunnar þarf að aukast. Einnig töluðu þær um að áhersla félagsins, það er Íslenskrar ættleiðingar þyrfti að færast meira í þá átt skipuleggja betur þjónustu og stuðning við heimkomnar fjölskyldur.

Önnur kjörmóðirin orðaði þetta svona:

„Að mínu mati er nauðsynlegt að koma þekkingunni inn í almenna heilbrigðis- og samfélagskerfið þannig að börnin okkar séu hluti af heildinni og að foreldrar upplifi ekki að þeir séu einir á báti og þurfi endalaust að finna upp hjólið. Það er ekki hægt nema að uppfærða fagfólk, bæði þá sem eru komnir til starfa nú þegar og svo ekki síst þá sem eru í námi og eiga eftir að sinna börnunum okkar í framtíðinni. Það er gríðarlega mikilvægt að foreldrar og allir sem koma að starfi með börnunum okkar séu vel með á nótunum þannig að hægt sé að vinna markvisst með börnunum okkar frá upphafi, en ekki vakna upp við vondan draum þegar allt er komið í ófni á unglingsárunum og foreldrar ráða ekki neitt við neitt.“

Þessar fjölskyldur vilja sjá ráðgjafasetur eða einhvern einn stað þar sem undir einu þaki væri öll sú þjónusta sem kjörfjölskyldan þarf á að halda. Iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar, sálfræðingar, talmeinafræðingar, geðlæknar, þroskaþjálfar, félagsráðgjafar og aðrir þeir sem að þessum málum koma. Þær voru báðar sammála um það að þrátt fyrir að mjög mikilvægt væri að fylgjast með barninu eftir heimkomu mætti ekki gleyma að fylgjast með líðan kjörforeldranna og styðja þá og styrkja í vinnu sinni með barnið þannig að þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við þetta stóra verkefni.

8. Íslenska skýrslan

Í júlí 2010 gerði dómsmála- og mannréttindaráðuneytið samning við Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um að stofnunin gerði úttek á löggjöf og framkvæmd ættleiðingarmála á Íslandi.

Farið var í alla þætti ættleiðingarmála, allt frá lögum til þjónustu við kjörforeldra. Sú lögbundna þjónusta sem kjörforeldrar og kjörbörn eiga að fá samkvæmt lögum og reglugerðum borin saman við það sem er í boði hér á landi. Einnig voru nágrannalöndin skoðuð í sama samhengi.

Augum var beint að ættleiðingum barna með skilgreindar sérþarfir þar sem slíkar ættleiðingar hafa aukist mjög hér á landi eins og tölfræðin hér að ofan hefur sýnt fram á. Í skýrslunni kemur fram að auknar líkur eru taldar á því að þessum ættleiðingum muni fjölga til muna í framtíðinni, bæði þar sem hægt hefur mjög á öðrum ættleiðingum og þessi börn orðin aðgengileg fyrir fólk til að ættleiða. Börn með skilgreindar sérþarfir þurfa flest hver enn meiri þjónustu heldur en önnur börn þar sem sérþarfir þeirra eru af ýmsu tagi. Því er talsvert fjallað um það líka og bent á að reikna megi með því að auka þurfi þjónustuna, eftirfylgnina og stuðninginn og þeirri spurningu varpar fram hvort jafnvel þurfi að gera auknar kröfur á þá foreldra sem ætla að sækja um forsamþykki til að ættleiða börn með sérþarfir.

Í úttektinni kemur fram að lagalega er Ísland í ágætis samræmi við hin Norðurlöndin og mælt er með því að Ísland haldi áfram samvinnu við þau hvað það varðar. En þegar kemur að þekkingu á málefnum kjörfjölskyldunnar hvað varðar stuðning, fræðslu og þjónustu þá er Ísland nokkur eftirbátur hinna Norðurlandanna. Mælt er með því að þessir þættir verði eflidir til muna hér á landi og að stjórnvöld sjái um að veita sérhæfða ráðgjöf eða aðstoð eftir ættleiðingu.

Einnig er hvatt til þess að skilgreind sé betur skýrari stefna hvað varðar ættleiðingar barna með skilgreindar sérþarfir og auka fræðslu til væntanlegra kjörforeldra áður en ákvörðun er tekin um að ættleiða barn sérþarfir. Ásamt því að leggja áherslu á stuðning við þessar fjölskyldur eftir að ættleiðing hefur farið fram (Hrefna Friðriksdóttir, 2010)

9. Niðurstöður

Að ættleiða barn er stór ákvörðun hjá kjörforeldrum líkt og hjá öðrum foreldrum sem ákveða að eignast barn. Þjónusta sem foreldrar fá síðan hjá fagaðilum eins og hjá ungbarnaeftirliti er miðuð út frá þeim börnum sem koma með venjulegum leiðum til foreldra sinna. Ættleidd börn þurfa sértæka þjónustu og á margan hátt öðruvísi eftirfylgni og stuðning heldur en önnur börn. Eftir að hafa kynnt mér málefni kjörfjölskyldna við gerð þessarar ritgerðar er mér ljóst að við stöndum ekki jafnfætis hinum Norðurlöndunum hvað varðar þessa þjónustu og einnig þegar kemur að fræðslumálum við kjörfjölskyldur. Lítil kennsla er um málefni kjörfjölskyldunnar í námi hjúkrunarfræðinga, kennara, þroskaþjálfra og þeirra fagaðila sem að börnum koma. Það er von mín að með skýrslu Hrefnu Friðriksdóttur sem hún vann fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið verði jákvæð breyting þar á. Mikil áhersla er þar lögð á að breyta þessum þáttum og efla til muna starf í kringum kjörfjölskyldur til að styrkja bæði foreldra og börn í lífi og starfi.

Kjörfjölskyldur er viðkvæmur hópur í samfélaginu okkar og það er von mín að með þessari ritgerð hafi ég náð að varpa ljósi á stöðu þeirra og þjónustupörf. Það þarf að efla það stuðningsnet sem þessar fjölskyldur þarfnast svo þeim vegni vel og börnin nái að þroskast og dafna með góðum hætti.

Flestar þær rannsóknir sem ég las við gerð þessa verkefnis benda til þess að kjörbörn aðlagist vel og þroskist með góðum stuðningi og þjónustu. Það er skylda okkar samkvæmt lögum að sjá til þess að kjörfjölskyldan í heild sinni fái þá ráðgjöf, stuðning og þjónustu til að svo megi verða.

Heimildarskrá:

Berk, Laura E (1998). *Development Through the Lifespan (5. útgáfa)* Boston: Allyn&Bacon.

Bowlby, John (1971). *Attachment and Loss: Volume 1 Attachment*. London: Penguin Groups.

Bowlby, John (1973). *Attachment and Loss, Vol. 2: Separation, Anxiety, and Anger*. London: Penguin Books.

Familiestyrelsen (2010). *Evaluering af forsogsprojekt með tidlig radgivning efter adoptionen. (POST ADOPTION SERVICE)* Familiestyrelsen, Slutevaluering. Oktober 2010. Sótt 21. febrúar af

http://www.familiestyrelsen.dk/uploads/media/Evalueringsrapport_PAS_01.pdf

Gray, Deborah D. (2002). *Attaching in Adoption: Practical Tools for Today's Parents*. Indianapolis: Perspectives Press, Inc.

Gunnar, Megan R., Bruce, Jacqueline og Grotevant, Harold D. (2000). International adoption of institutionally reared children: Research and policy. *Development and Psychopathology*, 12, bls 677-693.

Hjern, Anders., Lindblad, Frank og Vinnerljung, Bo.(2002). Suicide psychiatric illness, and social maladjustment in intercountry adoptees in Sweden: a cohort study. Sótt 9.febrúar 2011 af

<http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=4&hid=106&sid=5ff25450-ef39-42ba-afc4-601cf0ae32ae%40sessionmgr111>

Hrefna Friðriksdóttir (2010). *Ættleiðingar á Íslandi: - í þágu hagsmuna barns-*. Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Unnið fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið 2010. Sótt 4. mars 2011 af

http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/aettleiðingar_15.03.11.pdf

Íslensk ættleiðing (2011). www.isadopt.is sótt 21.janúar 2011)

Jórunn Elíðóttir (2010). "...fyrst og fremst venjuleg börn með óvenjulegan bakgrunn...", *Börn ættleidd frá Kína; tengsl við upprunalandið og þekking foreldra á uppruna barnanna*. Þjóðarspejillinn 2010. <http://hdl.handle.net/1946/6849>

Jórunn Elíðóttir, (2010). *An Icelandic research project on children adopted from China*. Sótt 1. apríl 2011 af: <http://www.nfpf.net/>

Kristinn Ingvarsson (tölvupóstur, 14. Janúar 2011)

Landspítali Háskólasjúkrahús. (2011). Erlend kjörbörn og nýbúar læknisskoðun og rannsóknir við komu til landsins. Sótt 04.04.2011 á http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/htmlpages/index2.html#erl_born_1.html

Levy, Terry M., Orlans, Michael. (1998). *Attachment, Trauma and Healing – Understanding and Treating Attachment Disorder in Children and Families*. Washington, DC: CWLA Press

Löggildingarskjal Íslenskrar ættleiðingar:

<http://isadopt.heimanet.com/index.php/aettleiðingar/log-og-reglugerdir/>

Lög um ættleiðingar nr.130/1999

Molinari, D.L. og Freeborn D. (2006). Social support needs of families adopting special needs children. *Journal of psychosocial nursing and mental health services*, 44,28-35.

O'Connor, Thomas G., Zeanah, Charles H. (2003). *Attachment disorders: Assessment strategies and treatment approaches. Attachment & Human Development*, Vol 5. No 3. 223-244.

Reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009.

Shaffer, David R. (2002). *Developmental Psychology: Childhood and Adolescence*. (6.útgáfa). Belmont: Wadsworth Group.

Santrock, John W. (2008). *Life-Span Development*. (11.útgáfa). New York: The McGraw-Hill Companies.

Smith, Susan Livingston (2010). *Evan B. Donaldson adoptioninstitute: Keeping the promise: The critical Need for Post-Adoption Services to Enable Children and Families to Succeed*. Sótt 17. janúar 2011 af:

http://www.adoptioninstitute.org/publications/2011_02_15_KeepingThePromise.pdf

Haagsamningur um vernd barna og samvinnu um ættleiðingu milli landa. Sótt 19. febrúar af: <http://www.althingi.is/altext/125/s/0122.html>

Valgerður Baldursdóttir. (2001). *Sérstaða ættleiddra barna af erlendum uppruna*. Ritroð Barnaheilla 5. tbl. bls. Reykjavík.

Zeanah, Charles H., Smyke, Anna T., Koga, Sebastian F. (2005). Attachment in Institutionalized and Community Children in Romania. *Child Development*, September/October 2005, Volume 76, Number 5, bls 1015 – 1028.

Ziegler, Dave (2000). *Raising Children Who Refuse To Be Raised, Parenting Skills and Therapy Interventions for the Most Difficult Children*. Phoenix, Acacia Publishing, Inc.